

39
7. maí

L Ö G

um

viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.